

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um hindranir fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli.

1. *Hefur ráðherra aflað sér upplýsinga um af hverjum og á hvaða forsendum og grundvelli, þ.m.t. lagalegum heimildum, ákvörðun var tekin um að beina flóðljósum að fjölmiðlafólki, sem hindraði störf þess aðfaranótt 3. nóvember 2022 á Keflavíkurflugvelli?*

Aðgerðirnar á Keflavíkurflugvelli voru á ábyrgð dómsmálaráðuneytisins og undirstofnana þess. Fljótlega eftir atvikið baðst Isavia ohf. afsökunar á aðkomu sinni, en fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hlutabréf Isavia.

2. *Telur ráðherra að sú ákvörðun sem getið er í lið 1 hafi verið í samræmi við alþjóðlega mannréttindasáttmála, íslensk lög og hefðbundnar verklagsreglur?*

Fram hefur komið í yfirlýsingu aðila sem báru ábyrgð á aðgerðunum að taka ferli og verklag til endurskoðunar til að fyrirbyggja óskýrleika á vettvangi.

3. *Brást ráðuneytið við ofangreindum atvikum á einhvern hátt? Efsvo er, hvernig? Efs ekki, af hverju ekki?*

Framkvæmd atburðanna og ábyrgð á aðgerðum var hjá dómsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess.